

Staða lífeyrissjóðanna við árslok 2017

Fjármálaeftirlitið hefur birt samantekt um stöðu lífeyrissparnaðar, þ.e. samtryggingar og séreignar við árslok 2017. Efnið er unnið úr þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar.


Á liðnu ári voru starfandi 24 lífeyrissjóðir í 28 deildum samtryggingar og voru sjóðirnir auk þess með 44 séreignardeildir í sinni vörslu. Aðrir innlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar voru fimm talsins með 30 séreignadeildir. Þá voru starfandi tveir erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar, en þeir heyra ekki undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda lífeyrissjóða batnaði milli ára vegna bættrar ávöxtunar og á það bæði við um sjóði á almennum vinnumarkaði og sjóði með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Lífeyrismarkaður


Eignir alls lífeyriskerfisins voru um 4.114 milljarðar króna í árslok 2017, eða um 161% af vergri landsframleiðslu (VLF). Til samanburðar voru heildareignir lánastofnana 4.434 milljarðar kr., þar af námu heildareignir viðskiptabanka 3.452 milljörðum kr. Eignir lífeyriskerfisins, sem hlutfall af VLF, hækkaði um 7 prósentustig frá fyrra ári vegna hærri ávöxtunar sjóðanna, hækkunar á mótframlagi og aukinnar atvinnuþátttöku en heldur dró úr aukningu landsframleiðslu miðað við árið á undan. Hlutfallið er með því hæsta gerist innan OECD landanna, en aðeins Danmörk og Holland eru með herra hlutfall lífeyrissparnaðar af VLF. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða jukust um nærri 11% á árinu 2017 og voru 3.550 milljarðar kr. í lok ársins. Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 383 milljörðum kr. og 181 milljarð kr. hjá öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Aukning frá fyrra ári nemur nálægt 13% hjá þeim fyrrnefndu og 11% hjá þeim síðarnefndu.

Undanfarin ár hefur veruleg samþjöppun átt sér stað á innlendum lífeyrismarkaði í þeirri viðleitni sjóðanna að ná fram hagræðingu í rekstri. Er þessi þróun í takt við það sem gerist erlendis í okkar helstu samanburðarlöndum. Nú er svo komið að fjórir stærstu lífeyrissjóðirnir hafa í vörslu sinni nærri 60% af lífeyrissparnaði samtryggingar og séreignar, sjá mynd 1.

Mynd 1. Eignir lífeyrissjóða við árslok 2017



Mynd 2. Raunávöxtun¹ lífeyrissjóða valinna OECD landa (Heimild: OECD Pension funds in Figures 2018)




Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna batnaði verulega milli ára og var 5,5% á árinu 2017 samanborið við um 0% árið 2016. Ávöxtunin var nálægt meðaltali innan OECD landanna á liðnu ári, eins og sjá má á mynd 1. Hrein raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða sl. 25 ár er hins vegar 4,1%. Það er vel yfir langtíma viðmiði þeirra sem er um 3,5% árlega ávöxtun. Hrein raunávöxtun séreignarsparnaðar lífeyrissjóða annars vegar og annarra vörsluaðila hins vegar var jákvæð um 5,3% og 3,1% á liðnu ári.

Meðal helstu breytinga á eignasöfnum samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna á liðnu ári má nefna nýfjárfestingu í erlendum eignum sem var um

90 milljarðar kr. Þá hefur útlánavöxtur haldið áfram en veruleg aukning varð í útlánum til sjóðfélaga á árinu 2017 og nam aukningin nærri 100 milljörðum kr. Heildarútlán við árslok 2017 voru um 8,4% af heildareignum lífeyrissjóðanna. Þetta er mjög hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburði. Skuldabréf eru, eins og áður, stærsti eignaflokkurinn í efnahagsreikningum samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna, nálægt 1.954 milljörðum kr. eða nærri 54% af heildareignum og nam aukningin milli ára 154 milljörðum kr. Eignarhlutir í félögum og sjóðum nema 1.438 milljörðum kr. sem er um 150 milljarða kr. hækkun frá árinu áður. Erlendar eignir samtryggingardeilda voru um 26,1% af heildareignum í lok ársins 2017. Á mynd 2 má sjá samanburð á eignasamsetningu lífeyrissjóða í völdum löndum innan OECD, þegar „horft hefur verið í gegnum sjóði“. Há hlutdeild hlutabréfa í eignasöfnum íslenskra lífeyrissjóða skýrist að stórum hluta af fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, þar sem stærstur hluti undirliggjandi eigna eru hlutabréf.

¹ Bráðabirgðatölur

Mynd 3 eignasamsetning lífeyrissjóða valinna OECD landa (Heimild: OECD Pension funds in Figures 2018)



Í þeirri viðleitni Fjármálaeftirlitsins að ná fram bættri upplýsingagjöf og auknu gagnsæi vegna fjárfestingargjalda lífeyrissjóða voru gerðar breytingar á áður útgefnum reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 355/2015. Tilgangur breytinganna er að varpa ljósi á bæði beinan og óbeinan kostnað (e. hidden cost) af fjárfestingum, sem alla jafna birtist ekki í rekstrargjöldum lífeyrissjóða. Samkvæmt innsendum gögnum er hlutfall fjárfestingargjalda af heildareignum að meðaltali um 0,30% en kostnaðarhlutföll eru eðli málsins samkvæmt ólík eftir aðilum og deildum samtryggingar og séreignar. Aðrir vörsluaðilar en lífeyrissjóðir hafa ekki verið krafðir um skil á sambærilegum upplýsingum um skiptingu kostnaðar.

Tryggingafræðileg staða

Heildar tryggingafræðileg staða² lífeyrissjóðanna batnaði lítillega milli ára með halla nærri 773 milljarða kr. við árslok 2017. Eins og áður má rekja stærstan hluta hallans, eða um 749 milljarða króna, til sjóða starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Staða sjóða á almennum vinnumarkaði er hins vegar í jafnvægi. Birtar eru upplýsingar um áætluð árleg iðgjöld til samtryggingardeilda lífeyrissjóða, sundurgreint eftir sjóðum. Hækkun iðgjalda milli áranna 2016 til 2017 nemur um 15%, sem er í samræmi við launaþróun og aukna atvinnuþátttöku. Einnig eru birtar upplýsingar um áætlaðan mánaðarlegan lífeyri eftir sjóðum á liðnu ári og þar er að sama skapi 11% aukningin milli ára.

Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins má finna talnaefnið á hlekknum www.fme.is/utgefid/efni/tolulegar-upplýsingar

² Samkvæmt skýrslum um tryggingafræðilegar athuganir